

Hafnarfjarðarbær

Garðabær, 25. júlí 2025

202506-0136/I.M.B.

10.03.01

Efni: Leyfi til framkvæmda í Seltúni í Reykjanesfólkvangi

Náttúruverndarstofnun hefur mótttekið umsókn Hafnarfjarðarbær, dagsett 25. júní 2025, um leyfi til framkvæmda í Seltúni í Reykjanesfólkvangi sumarið 2025.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. [auglýsingu nr. 520/1975](#). Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi fyrir endurgerð malarstíga, gerð brúar, göngu- og útsýnispalla á hverasvæði Seltúns í Reykjanesfólkvangi. Fyrirhugað er að fara í framkvæmdirnar í júlí og munu þær standa fram á haust 2025. Fimm starfsmenn munu koma að framkvæmdunum á framkvæmdatíma. Framkvæmdirnar sem sótt er um nú er hluti af heildarframkvæmdum á svæðinu en Umhverfisstofnun (forveri Náttúruverndarstofnunar) veitti leyfi fyrir öðrum hlutum þeirra í júní 2020 (UST202006-165) og ágúst 2021 (UST202106-048). Framkvæmdirnar eru í samræmi við deiliskipulag svæðisins, dags. 27. júní 2014 og fela m.a. í sér að bílastæði verða lagfærð, aðkomusvæðis verða styrkt, malarstígar verða mjókkaðir, brú sett yfir læk, timburstígar verða lagaðir og timburpallar endurgerðir. Kort af svæðinu með skýringum og útfærslu framkvæmda fylgdu umsókninni. Haldinn var samráðsfund með umsækjanda þar sem áhrifamat og tillögur um um frágang og úrbætur á frá áföngum verkefnisins voru kynnt.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur líklegt að framkvæmdirnar komi til með að hafa neikvæði áhrif á gesti svæðisins á meðan á þeim stendur. Til lengri tíma mun framkvæmdin bæta innviði og aðgengi á svæðinu. Náttúruverndarstofnun telur, að sé farið eftir þeim skilyrðum sem sett eru fyrir leyfi þessu, sé hægt að draga úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins, jarðmyndanir sem og lífríki á meðan framkvæmdir standa yfir.

Niðurstaða:

Náttúruverndarstofnun veitir Hafnarfjarðarbær fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum í Seltún sbr. lýsingu hér að ofan og í fylgiskjali sem kynnt var á ofangreindum samráðsfundi. Náttúruverndarstofnun óskar eftir að farið verði einnig í þær úrbætur frá fyrri framkvæmdum sem kynntar hafa verið umsækjanda og fylgja með bréfi þessu. Leyfi þetta er veitt að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu og fylgiskjöli, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.

- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Koma skal fyrir merkingum á framkvæmdarstað þar sem tilgreindur er framkvæmdartími og bent á hjáleiðir ef við á.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Þess skal gætt að framkvæmdirnar séu í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Að efnisval og útlit verði falli vel að umhverfi svæðisins.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna (sjá einnig fylgiskjal).
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald stíganna, pallanna og brúnna og ef notkun þeirra er hætt eða fellur niður skulu ummerki þeirra afmáð.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Gæta skal að mengunarvörnum vinnuvélanna sem koma að verkinu og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Við uppgræðslu sára er óheimilt að nota gróður eða fræblöndur sem gætu innihaldið ágengar framandi tegundir, s.s. lúpínu eða kerfil.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af starfsmanni stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Sigrún Ágústs dóttir

forstjóri

René Biasone

svæðissérfræðingur

